

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 94/1/EB  
frá 6. janúar 1994**

**um aðlögun nokkurra tækniatriða í tilskipun ráðsins 75/324/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi úðabrusa (\*)**

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 74/342/EBE frá 20. maí

1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi úðabrusa (1),

eins og henni var síðast breytt með aðildarlögum Spánar og Portúgals, einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Eitt aðildarríki hefur beitt öryggisákvæðunum sem um getur í 10. gr. tilskipunar 75/324/EBE.

Öryggisráðstafanir sem hafa verið samþykktar eru taldar réttlætanagerleg vegna áhættu sem tengist aukinni notkun úðabrusa sem innihalda gífurlega eldfim drifefni sem koma í stað klórflúorkolefna (CFC).

Tiltekin efni og/eða efnablöndur í tilteknum úðabrusum eru sérstaklega eldfimar.

Gildandi ákvæði eru ekki fullnægjandi til að koma í veg fyrir hættu af völdum tiltekinna tegunda úðabrusa. Þessum ákvæðum ber því að breyta.

Nokkrar tegundir úðabrusa sem innihalda eldfim efni og/eða efnablöndur hafa ekki í för með íkvikunarhættu og því skal kveðið á um að þeir verði undanþegnir tilteknum kröfum um merkingar.

Ákvæði þessarar tilskipunar eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækni framförum.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 23, 28. 1. 1994, bls. 28, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/94 frá 28. október 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjtið. EB nr. L 147, 9. 6. 1975, bls. 40.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:**

**1. gr.**

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 75/324/EBE:

1. Í stað d-liðar 1. mgr. 8. gr. komi eftirfarandi:

„d) upplýsingarnar sem um getur í lið 2.2 og 2.3 í viðaukanum“;

2. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 9. gr.:

„9. gr. a

Ef sá sem ber ábyrgð á markaðssetningu úðabrusa hefur undir höndum prófniðurstöður eða önnur gögn sem sýna að jafnvel þó innihald úðabrusa sé eldfimt hafi þeir ekki í för með sér íkvikunarhættu við venjulega eða fyrirsjáanlega notkun efnisins, er honum heimilt á eigin ábyrgð að ákveða að beita ekki ákvæðum í b-lið í lið 2.2. og b-lið í lið 2.3 í viðaukanum.

Afrit af slíkum skjölum skulu vera aðgengileg fyrir aðildarríkin.

Í slíku tilviki verður að tilgreina á merkimiða úðabrusans, með skýrum, læsilegum og óafmáanlegum stöfum, magn eldfimra efna í honum:

„X% af massa innihalds er eldfimt“.

3. Viðaukanum er breytt eins og sýnt er í viðaukanum við þessa tilskipun.

**2. gr.**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. október 1994. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. apríl 1995 að telja.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

**3. gr.**

Þessi tilskipun öðlast gildi tuttugu dögum eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 6. janúar 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

***Martin BANGEMANN***

framkvæmdastjóri

## VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar er gerðar á tilskipun 75/324/EBE:

a) Í stað liðar 1.8 komi eftirfarandi:

„1.8 Eldfim efni

„Eldfim efni” eru efni og efnablöndur sem samsvara viðmiðunum sem mælt er fyrir um í flokkunum „gífurlega eldfimt”, „afar eldfimt” og „eldfimt” sem eru skráð í VI. viðauka við tilskipun ráðsins 67/548/EBE.

Eldfimi og kveikjumark úðabrusainnihaldsins er ákvarðað með sérstökum aðferðum sem er lýst í A-hluta V. viðauka við ofangreinda tilskipun.”

b) Í stað liðar 2.2 komi eftirfarandi:

„2.2. Áletranir

Með fyrirvara um tilskipanir um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og efnablandna, einkum varðandi hættu fyrir heilsu manna og/eða umhverfið, skulu eftirfarandi áletranir vera á öllum úðabrusum með skýrum og læsilegum stöfum:

- a) Allar tegundir innihalds: „Þrýstihylki: Hlífið við sólarljósi og hita yfir 50° C. Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm.”;
- b) Ef innihaldið er eldfimt í skilningi liðar 1.8: táknið „Eldfimt” þar sem við á, upplýsingar um að efnin og/eða efnablöndurnar sem úðabrusinn inniheldur, þar með talin drifefni, séu eldfim og viðeigandi hættusetningar sem eru ákvarðaðar í samræmi við viðmiðanirnar í liðum 2.2.3, 2.2.4 eða 2.2.5 í VI. viðauka við tilskipun 67/548/EBE og að því er varðar táknið „Eldfimt” og upplýsingar um hættu, í samræmi við ákvæði II. viðauka við ofangreinda tilskipun.

2.3. Sérstök fyrirmæli um notkun

Með fyrirvara um tilskipanir um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og efnablandna, einkum varðandi hættu fyrir heilsu manna og/eða umhverfið, skulu eftirfarandi áletranir vera á öllum úðabrusum með skýrum og læsilegum stöfum:

- a) Allar tegundir innihalds: viðbótarvarúðarráðstafanir sem vekja athygli neytanda á sérstakri hættu sem varan hefur í för með sér;
- b) Ef innihaldið er eldfimt eftirfarandi varnaðarsetningar:
  - „Úðið ekki á opinn eld eða glóandi hluti.”
  - „Geymist fjarri hita- og neistagjöfum - Reykingar bannaðar.”
  - „Geymist þar sem börn ná ekki til.”